

8. mars 2018

Endurskoðuð útgáfuáætlun Lánasjóðs sveitarfélaga 2018

Lánasjóður sveitarfélaga hefur frá áramótum til 8. mars 2018 gefið út skuldabréf að fjárhæð samtals 6,8 milljarða að markaðsvirði (6,5 milljarða að nafnverði). Sjóðurinn áætlað að gefa út 3 milljarða til viðbótar á fyrri helmingi ársins og 2 til 4 milljarða á seinni helmingi ársins. Áætluð heildarútgáfa fyrir árið 2018 er því á bilinu 12 til 14 milljarðar að markaðsvirði.

Áætluð heildarútgáfa skuldabréfa að markaðsvirði

Áætlun 2018	1.H	2.H	Alls
Útgáfa skuldabréfa	10	2-4	12-14

Tölur eru í milljörðum ISK.

Lánasjóður sveitarfélaga áætlað að afborganir sveitarfélaga af lánum til lánasjóðsins verði u.þ.b. 6,8 milljarðar króna árið 2018 en sjóðurinn áætlað að greiða lánadrottnum sínum u.þ.b. 5,6 milljarða króna árið 2018. Taflan sýnir samningsbundnar afborganir langtímalána án vaxtauppreiknings.

Afborganir lána Lánasjóðs sveitarfélaga

Áætlun 2018	1.H	2.H	Alls
Innborganir af útlánum - ISK	3,2	3,3	6,5
Innborganir af útlánum - Erlent	0,2	0,1	0,3
Afborganir lána - ISK	2,9	2,4	5,3
Afborganir lána - Erlent	0,2	0,1	0,3

Tölur eru í milljörðum ISK.

Áætlun þessi miðast við núverandi aðstæður á markaði. Verði breytingar á markaðsaðstæðum má reikna með að ofangreind áætlun geti breyst. Lánasjóður sveitarfélaga endurskoðar áætlanir sínar hálfárslega eða oftár ef þörf krefur.

Frekari upplýsingar veitir Örvar Þór Ólafsson s: 515-4947